



Upplýst samþykki forsjáraðila fyrir aðkomu lausnateymis

Lausnateymi eru starfrækt við alla grunnskóla sveitarfélagsins Árborgar og er hlutverk teymisins að veita kennurum og starfsfólki skóla stuðning og ráðgjöf ef áhyggjur vakna af þroska, hegðun, samskiptum eða líðan barns, námslegri og/eða félagslegri stöðu. Kennarar senda beiðni til lausnateymis á sérstöku eyðublaði ef þeir telja sig þurfa á aðstoð og/eða ráðgjöf að halda.

Í lausnateymi er unnið markvisst að lausnaleit með sérfræðingum skóla og skólaþjónustu. Unnið er eftir gátlista og setur lausnateymi fram tillögur að aðgerðum sem kynntar eru fyrir foreldrum og umsjónarkennara. Málefni nemenda eru ávallt fyrst tekin upp í lausnateymi áður en málum er vísað í nemendaverndarráð.

Í lausnateymum skólanna situr þverfaglegur hópur sérfræðinga eins og skólastjórnandi, deildarstjóri stoðþjónustu, deildarstjórar stiga, náms- og starfsráðgjafi, þroskaþjálfari, sérkennari, kennsluráðgjafi og talmeinafræðingur.

Mál barns er aldrei tekið upp í lausnateymi nema að fengnu samþykki forsjáraðila og geta forsjáraðilar á hvaða tímapunkti sem er dregið samþykki sitt fyrir umfjöllun máls í lausnateymi til baka. Samþykki foreldri ekki að málefni barns verði tekið fyrir á lausnateymisfundi verður leitað lausna með skólaþjónustu eftir öðrum leiðum.

Nafn barns: _____ **Bekkur:** _____

Ég undirrituð/undirritaður samþykki að málefni barnsins míns verði rædd á lausnateymisfundi.

- ☐ Já
☐ Nei

Staður og dagsetning

Undirskrift forsjáraðila

Undirskrift forsjáraðila



Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga

Sveitarfélagið Árborg, er ábyrgðaraðili vinnslu vegna beiðni um fyrirtöku máls barns í lausnateymi í þeim tilgangi að leita lausna í tilvikum þegar áhyggjur eru uppi af þroska, hegðun, samskiptum eða líðan barns, og/eða námslegri og félagslegri stöðu þess. Byggir aðkoma lausnateymis m.a. á skyldu skóla skv. IX. kafla laga nr. 91/2008 um grunnskóla til þess að veita skólaþjónustu. Lausnateymi eru þó ekki lögbundin úrræði, heldur leið til að leita lausna með þverfaglegu teymi. Mál barna eru aldrei tekin til umfjöllunar í lausnateymi nema með samþykki foreldra. Heimild til vinnslu framangreindra persónuupplýsinga grundvallast á samþykki, skv. 1. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Við vinnslu máls í lausnateymi kann að vera unnið með eftirfarandi upplýsingar: Almennar persónuupplýsingar um barn og foreldra þess, s.s. nöfn heimilisföng, kennitölur, símanúmer og netföng. Jafnframt upplýsingar um móðurmál, kennara barns, skóla, bekkjardeild og systkini barns. Þá er unnið með upplýsingar um þegar veitta þjónustu vegna barns, og tilefni fyrir tilvísun, s.s. hegðunarvanda, þroskavanda, félagslegan og/eða tilfinningalegan vanda, lyf sem barn tekur og athuganir sem þegar hafa verið gerðar á stöðu barns. Þá er fjallað um annað sem tilvísandi greinir frá. Upplýsinga er aflað frá forsjáraðilum auk þess sem sveitarfélagið sækir grunnupplýsingar um umsækjanda til Þjóðskrár. Þá kann sveitarfélagið að nýta fyrirliggjandi gögn hjá sveitarfélaginu við vinnslu máls, einkum fyrirliggjandi gögn hjá skóla barns.

Þá kann lausnateymi að vinna með viðkvæmar persónuupplýsingar barns á grundvelli samþykkis forsjáraðila. Slík vinnsla fer eingöngu fram í þeim tilgangi að ná lögmætu markmiði í starfi grunnskóla og veita barni sem besta skólaþjónustu. Getur þar verið um að ræða viðkvæmar upplýsingar varðandi heilsufar barns og þroska, þ.m.t. greiningar, eða aðrar viðkvæmar persónuupplýsingar varðandi stöðu barns s.s. varðandi þjóðernislegan uppruna, lífsskoðanir, og kynhneigð.

Sveitarfélagið varðveitir upplýsingar í tengslum við umsókn ótímabundið í samræmi við lagaskyldu. Almennt eru þær persónuupplýsingar sem sveitarfélagið safnar afhentar héraðsskjalasafni Árnesinga að þrjátíu árum liðnum. Sveitarfélagið gætir öryggis persónuupplýsinga með viðeigandi skipulagslegum og tæknilegum ráðstöfunum, þ.á.m. aðgangsstýringum og dulkóðun. Allt það starfsfólk sem kemur að vinnslu persónuupplýsinga í tilvísun er bundið þagnarskyldu.

Sveitarfélagið mun ekki miðla persónuupplýsingum til annarra aðila nema sveitarfélaginu sé það skylt á grundvelli laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða dómsúrskurðar. Þá mun sveitarfélagið ekki miðla persónuupplýsingum utan Evrópska efnahagssvæðisins nema á grundvelli sérstakrar heimildar þar um og aldrei án þess að upplýsa viðkomandi um slíkt.

Einstaklingur kann að eiga rétt til þess að fá aðgang að þeim persónuupplýsingum sem sveitarfélagið vinnur með í tengslum við tilvísun. Þá kann einstaklingur að hafa rétt til að andmæla vinnslunni, fá upplýsingar leiðréttar, krefjast þess að þeim verði eytt, að vinnslan verði takmörkuð og/eða að fá upplýsingar afhentar. Nánari upplýsingar um þessi réttindi má finna í persónuverndarstefnu sveitarfélagsins sem er aðgengileg á vefsíðu Sveitarfélagsins Árborgar.



Sveitarfélagið Árborg
Fjölskyldusvið

Sérstök athygli er vakin á því að ef óánægju gætir varðandi meðferð sveitarfélagsins á persónuupplýsingum er unnt að hafa samband við persónuverndarfulltrúa sveitarfélagsins (personuvernd@arborg.is) eða senda erindi til Persónuverndar (www.personuvernd.is)

- ☐ Ég hef kynnt mér ofangreint og er kunnugt um með hvaða hætti Sveitarfélagið Árborg meðhöndlar persónuupplýsingar.

Staður og dagsetning

Forsjáaraðili samþykkir beiðni með undirskrift